

samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslensk-um botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarínssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 10. apríl 1956, nr. 56.

Lög um prentrétt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 24. júní 1956, undirskrifað af forsetanum 27. marz 1956, nr. 58.

REGLUGERÐ

118

22. marz

um breyting á reglugerð nr. 103 29. sept. 1936, fyrir vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Fyrirsögn 2. töluliðs 2. greinar orðist þannig:
Inntökuskilyrði í I. bekk meiri vélstjóradeildar.

2. gr.

Eftir 2. tölulið komi nýr liður og orðist þannig:
Inntökuskilyrði í II. bekk meiri vélstjóradeildar:
Nemandinn hafi staðizt I. bekkjar próf deildarinnar með eigi lægri meðaleinkunn en 4.00 eða hlotið a. m. k. 5.00 í vetrareinkunn í I. bekk.

3. gr.

3. og 4. töluliður sömu greinar breytist í 4. og 5. tölulið.

4. gr.

12. gr. orðist þannig:

Þeir námssveinar II. bekkjar vélstjóradeildar, sem hlotið hafa minnst 3.00 í vetrareinkunn, eiga rétt á að ganga undir próf. Þetta ákvæði gildir einnig um náms-sveina rafmagnsdeilda. Utanskólasveinar, sem kunna að óska eftir að ganga undir próf, skulu senda umsókn um það til forstöðumanns skólans, stílaða til ráðuneyt-ísins, eigi síðar en mánuði fyrir próf. Beiðninni skulu fylgja vottorð um, að sveinn-inn uppfylli kröfur þær, sem settar eru í 2. gr., um inntöku í þá deild, sem um er að ræða, og auk þess vottorð um þann undirbúning, sem hann hefur fengið.

5. gr.

Upphaf 14. gr. orðist þannig:

Prófin eru skrifleg, munnleg og verkleg, nema í I. bekk aðeins skrifleg og munnleg.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.